

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 1998

Nr. 252

834

6. maí 1998

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 224/1995 um leigubifreiðar.

1. gr.

1. tl. 1. mgr. 5. gr. verði svohljóðandi:

Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur og Kjalarneshreppur. Hámarkstala er 570 fólksbifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 61/1995 um leigubifreiðar og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 6. maí 1998.

Halldór Blöndal.

Ólöf Nordal.

Nr. 253

4. maí 1998

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 414, 27. júní 1997,
um veiðar í atvinnuskyni 1997/1998.

1. gr.

Seinni málslíður 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Veiðitímabil humars er frá og með 15. maí til og með 31. ágúst.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. maí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.